



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ & ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS

# ALÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA ÍSLANDS

iceida



## *Yfirlit yfir þróunarsamvinnu Íslands 2009 og 2010*

*Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi*

*Þróunarsamvinnustofnun Íslands*

*Neyðar- og mannúðaraðstoð*

*Fjölpjóðlegt samstarf*

*Störf í þágu friðar*



### Útgefendur

Útanríkisráðuneytið

[www.utanrikisraduneyti.is](http://www.utanrikisraduneyti.is)

Þróunarsamvinnustofnun Íslands

[www.iceida.is](http://www.iceida.is)

### Hönnun og umbrot

Jónas Þorbergsson / Finlína

### Ljósmyndir

Forsíða: SÞ/Martine Perret

Dorthe H. Holm, Elín Halla  
Ásgeirsdóttir, Geir Oddsson, Gunnar  
Salvarsson, Hafðís Hanna Ægisdóttir,  
Helga Þórólfsdóttir, Jóna Björk  
Jónsdóttir, Landsbjörg, Lilja Dóra  
Kolbeinsdóttir, Michael Goldberg,  
Þór H. Ásgeirsson o.fl.

Myndasafn Sameinuðu þjóðanna:  
Alexis Duclos, Amjad Jamal, Bikem  
Ekberzade, Eskinder Debebe,  
Gonzalez Farran, Logan Abassi, Marco  
Dormino, Marie Frechon, Martine  
Perret, Olivier Chassot, Paul Banks,  
Sophia Paris, Tim McKulka, WFP  
[iStockphoto.com](http://iStockphoto.com)

### Prentun

Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja

ISBN: 978-9979-9653-5-0

© 2011, Útanríkisráðuneytið





Alþjóðleg þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu. Þungamiðja starfsins er barátta gegn fátækt, félagslegu ranglæti, misskiptingu lífsgæða og hungri í heiminum. Við leggjum áherslu á jafnréttismál, frið og öryggi og verkefni þar sem íslensk

sérþekking og reynsla nýtist sem best, svo sem í fiskimálum og við nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda.

Fyrir nokkrum árum vorum við á prýðilegri leið að slást í hóp þeirra ríkja sem að hlutfalli leggja hvað mest til þróunarmála. Í krónum og aurum talið hefur vissulega hallað undan fæti í kjölfar áfalla haustsins 2008. Í utanríkisráðuneytinu og Þróunarsamvinnustofnun Íslands höfum við þó ekki setið auðum höndum heldur tekið á árum við að skerpa línurnar í stefnumótun og framkvæmd þróunarstarfsins og við framfylgd nýrra þróunarsamvinnulaga.

Í þessari skýrslu er í fyrsta sinn að finna samantekt um alla þætti þróunarstarfs Íslands í einu og sama ritinu. Ekki er fjallað á tæmandi hátt um öll þróunarverkefni sem Ísland styður heldur gefin innsýn í fjölpætt starf sem byggist á samvinnu við alþjóðastofnanir og sjóði, einstök ríki, frjáls félagasamtök og íslenskar mennta- og vísindastofnanir.

Með því að rýna í tölur og verkefni þvert á stofnanir og samstarfsaðila náum við enn betri heildarsýn á framlag okkar til þróunarmála. Þetta er í anda þeirrar fjögurra ára þróunarsamvinnuáætlunar sem ég lagði fram á Alþingi í febrúar 2011 og samþykkt var með breiðum stuðningi þingmanna í júní síðastliðnum. Með traustri liðveislu Alþingis, þróunarsamvinnunefndar og samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu munum við rífa úr hryggjunum og á komandi árum gera þróunarstarf okkar öflugra en nokkru sinni fyrr.

Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra

## EFNISYFIRLIT

### Inngangur

- 2 Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands 2009–2010

### Tölulegar upplýsingar

- 4 Samandregið talnaefni um framlög Íslands til þróunarsamvinnu árið 2010

### Nánari sýn

- 8 Fjölpjóðlegt samstarf
- 10 Þróunarsamvinnustofnun Íslands
- 12 Störf í þágu friðar
- 14 Skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
- 16 Neyðar- og mannúðaraðstoð

### Viðaukar

- 17 Opinber þróunaraðstoð Íslands árin 2006–2010
- 20 Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu og þróunarsamvinnunefnd
- 21 Skammstafanir

# ALÞJÓÐLEG ÞRÓUNARSAMVINNA ÍSLANDS 2009–2010

## Þúsaldaryfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Í Þúsaldaryfirlýsingunni, sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2000, segir að grunngildi alþjóðasamstarfs á 21. öldinni séu frelsi, jafnrétti, samstaða, umburðarlyndi, virðing fyrir náttúrunni og samábyrgð. Í yfirlýsingunni eru gefin fyrirheit um að ríki heims muni berjast fyrir friði og öryggi og ráðast sameiginlega gegn fátækt. Kveðið er á um að starf SP að úrlausn deiluefna, endurreisn og friðargæslu verði eftt. Þá er í yfirlýsingunni fjallað um þau atriði sem mestu skipta til að stuðla að félagslegum framförum og hagsæld. Þúsaldarmarkmiðin, sem eru almenn viðmið í alþjóðlegu þróunarstarfi fram til ársins 2015, eru byggð á yfirlýsingunni.

Í september 2010 komu þjóðarleiðtogar saman í New York til að fjalla um framvindu þúsaldarmarkmiðanna og sammælast um áherslur til næstu fimm ára. Yfirlýsing leiðtogafundarins staðfestir að ríki heims vilja að efnahagsleg og félagsleg þróun sé sameiginlegt verkefni auðugra ríkja og þeirra sem búa við lakari efnahag. Gagnkvæm ábyrgð og skilningur er grundvöllur baráttu alþjóðasamfélagsins gegn fátækt og hungri.

### ÞÚSALDARMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA




## Sameinuðu þjóðirnar: Lífskjör fara batnandi

Saga íslenskrar þróunarsamvinnu spannar fjóra áratugi. Síðan lög um aðstoð við þróunarlöndin voru sett á Alþingi árið 1971 hafa Íslendingar lagt sitt af mörkum til alþjóðlegs þróunarstarfs með skipulögðum hætti. Þróunarskýrsla Sameinuðu þjóðanna gefur mynd af efnahagslegum og félagslegum framförum á þessu tímabili. Á myndinni til hliðar má sjá þróun lífsgæða síðustu fjóra áratugi samkvæmt lífskjarastuðli UNDP, Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna. Sérstaklega eru borin saman lífskjör á Íslandi og fjórum ríkjum sem notið hafa aðstoðar Íslendinga síðastliðin ár, Afganistan, Malaví, Mósambík og Úganda. Myndin sýnir þá djúpu gjá sem er á milli hátekjuríkja og fátækra þróunarríkja, en hún sýnir einnig að baráttunni fyrir bættum lífskjörum miðar áfram. Í öllum ríkjunum fara kjör íbúanna batnandi og þróunarríkin draga á þau ríki sem eru ofar á listanum.

Samkvæmt mælingum Sameinuðu þjóðanna hafa lífslíkur á heimsvísu hækkað úr 59 árum í 70 ár á fjórum áratugum. Skólaganga barna hefur aukist úr 55% í 70% á sama tíma og landsframleiðsla á hvern íbúa hefur að meðaltali tvöfaldast. Sameinuðu þjóðirnar benda hins vegar á að þrátt fyrir framfarir er misskipting víða. Í sumum ríkjum er staða einstakra málaflökka lakari en árið 1970 og í þremur ríkjum eru lífskjör verri en fyrir fjórum áratugum.

### ÞRÓUN LÍFSGÆÐA SÍÐUSTU 40 ÁRA (UNDP) Lífskjaravísitala (Human Development Index)



\* Sæti landsins samkvæmt lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna um þróun árið 2010 (Human Development Index)



## Þróunarsamvinna í endurmótun

Þróunarsamvinna Íslands er byggð á lögum nr. 121/2008 sem tóku gildi 1. október 2008 og leystu af hólmi lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) frá 1981. Með nýju lögunum var gerð sú grundvallarbreyting að þau ná til allra þátta þróunarsamvinnu í stað þess að fjalla eingöngu um tvíhliða samstarf á vegum ÞSSÍ. Þau taka mið af Þúsaldarmarkmiðunum og öðrum alþjóðlegum yfirlýsingum og sáttmálum, auk þess sem þau styrkja hlutverk Alþingis og greiða götu samstarfs félagasamtaka og stjórnvalda.

Samkvæmt lögunum eru meginmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarlöndum til að útrýma fátækt og hungri, stuðla að efnahags- og félagslegri þróun, þar með talið mannréttindum, menntun, heilbrigði, jafnrétti kynjanna, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Markmið þeirra er einnig að tryggja öryggi á alþjóðavettvangi, m.a. með því að stuðla að friði og gæta hans, vinna að uppbyggingu og gæslu friðar og veita mannúðar- og neyðaræstoð þar sem hennar er þörf.

Frá setningu þróunarsamvinnulaga hefur verið unnið að því að hrinda ákvæðum þeirra í framkvæmd. Utanríkisráðherra hefur sett reglugerð nr. 894/2009 um framkvæmd laganna. Starf utanríkisráðuneytisins hefur verið eftt með stofnun þróunarsamvinnusviðs og innan ráðuneytisins starfar stýrihópur um þróunarsamvinnu sem er ráðuneytisstjóra til ráðgjafar um eftirlit með rekstri, faglegum afgreiðslumálum og skuldbindingum á sviði þróunarsamvinnu. Í stýrihópnum sitja sviðsstjóri og yfirmenn á þróunarsamvinnusviði ráðuneytisins, framkvæmdastjóri ÞSSÍ og ráðuneytisstjóri sem jafnframt er formaður hópsins.

## Samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu og Þróunarsamvinnunefnd

Samkvæmt ákvæðum þróunarsamvinnulaga hefur Þróunarsamvinnunefnd, skipuð sjö fulltrúum kosnum af Alþingi, tekið til starfa og skipað hefur verið sautján manna samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Nefndin og samstarfsráðið sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku á sviði þróunarsamvinnu.

Í samstarfsráðinu sitja fulltrúar félagasamtaka, háskólasamfélagsins og vinnumarkaðarins, auk þeirra sjö fulltrúa sem einnig sitja í Þróunarsamvinnunefnd. Ráðið er vettvangur þar sem aðilar, sem láta sig þróunarmál varða í íslensku samfélagi, geta miðlað af þekkingu sinni og fjallað um stefnumörkun stjórnvalda. Ráðið kom saman til fjögurra funda á árunum 2009 og 2010 þar sem fjallað var um þær breytingar sem ný lög fela í sér, stefnu og áherslur stjórnvalda, starfsemi fjálsra félagasamtaka og drög að áætlun um þróunarsamvinnu stjórnvalda til næstu fjögurra ára.

## Þróunarsamvinnuáætlun 2011–2014

Utánríkisráðherra fer með yfirstjórn þróunarsamvinnu Íslands. Þróunarsamvinnustofnun er sérstök stofnun sem lýtur yfirstjórn utanríkisráðuneytisins. Ráðuneytið fer jafnframt með fyrir-svar í samstarfi við alþjóðastofnanir, vegna neyðar- og mannúðaræstoðar og framlags Íslands til friðaruppbyggingar og friðargæslu. Um 40% framlaga til þróunarmála fara til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, sem annast tvíhliða samstarf í umboði utanríkisráðherra og í samræmi við langtímaáætlun innlendra stjórnvalda.

Þróunarsamvinnulög kveða á um að utanríkisráðherra leggi fram, með tveggja ára millibili, tillögu til þingsályktunar á Alþingi um áætlun stjórnvalda um alþjóðlega þróunarsamvinnu til fjögurra ára í senn. Í áætluninni skal greint frá framlögum og hvernig þau skiptast á grundvelli stefnumiða til lengri og skemmri tíma litid. Áætlunin fyrir tímabilið 2011 til 2014 var til umfjöllunar í Þróunarsamvinnunefnd og samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu á árinu 2010, og var hún samþykkt á Alþingi í júní 2011.



Með þessari mynd sigraði Stefán Einarsson samkeppni á vegum SP um mikilvægi Þúsaldarmarkmiðanna í september 2010. Hönnuður: Stefán Einarsson, ljósmyndari: Gideon Mendel/CORBIS.

# SAMANDREGIÐ TALNAEFNI UM FRAMLÖG ÍSLANDS TIL ÞRÓUNARSAMVINNU ÁRIÐ 2010

*Framlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu fóru stígvaxandi frá árinu 2000 til 2009. Á þeim tíma fimmfölduðust framlögin í krónum talið, úr 800 milljónum í 4.260 milljónir. Ef miðað er við hlutfall framlaga af vergum þjóðartekjum, fór hlutfallið úr 0,12% árið 2000 í 0,35% árið 2009. Árið 2010 dró úr framlögum miðað við fyrra ár og námu þau 3.506 milljónum króna, eða 0,28% af VÞT<sup>1</sup>.*

Framlög Íslands til þróunarsamvinnu eru ýmist veitt gegnum Þróunarsamvinnustofnun Íslands, til verkefna félagsamtaka og alþjóðastofnana, eða undir merkjum Íslensku friðargæslunnar.


Framlög til alþjóðastofnana eru ýmist almenn eða eyrnamerkt. Almenn framlög renna án skilyrða til starfseminnar, byggt á stefnu og áherslum viðkomandi stofnunar. Eyrnamerkt framlög eru ýmist bundin skilyrðum um stuðning við ákveðinn málaflokk eða ríki. Árið 2010 námu framlög Íslands til alþjóðastofnana tæpum helmingi allra framlaga, eða um 46%. Almenn framlög námu 25% og eyrnamerkt 21%. 51% eyrnamerktra framlaga runnu til ákveðinna ríkja og 49% til málaflokka. Nánar er fjallað um þróunarsamvinnu Íslands í samstarfi við alþjóðastofnanir á bls. 8-9.

Verkefni Íslensku friðargæslunnar að friðaruppbyggingu og endurreisn á stríðs-herjádum svæðum felast í störfum sérfræðinga á vegum alþjóðastofnana eða eyrnamerkta framlögum til verkefna á þeirra vegum. Starfsemi friðargæslunnar nemur samtals 11% af heildarframlögum árið 2010. Nánar er fjallað um þessi verkefni á bls. 12-13.


Þróunarsamvinnustofnun Íslands sinnir þeim þætti þróunarsamvinnu þar sem gerðir hafa verið milliríkjasamningar um samstarf milli Íslands og hlutaðeigandi ríkis. Starfsemi ÞSSÍ nemur samtals 41% af heildarframlögum. Samstarfslönd Íslendinga voru sex árið 2009: Malaví, Mósambík, Úganda, Namibía, Níkaragva og Srí Lanka. Samstarfsþjóðunum hefur fækkað á síðustu árum og árið 2011 verður þróunarsamvinna við þrjú ríki, Malaví, Mósambík og Úganda ásamt því sem jarðhitaverkefni í Níkaragva mun verða haldið áfram þar til í lok árs 2012. Nánar er fjallað um verkefni ÞSSÍ á bls. 10-11.

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar miða að því að bjarga mannlífum og draga úr þjáningu þar sem neyðarástand hefur skapast. Árið 2010 námu slík framlög 11% og renna annars vegar um hendur stofnana og sjóða SP og hins vegar til félagsamtaka. Nánar er fjallað um neyðar- og mannúðaraðstoð Íslands á bls. 16.

## SKIPTING FRAMLAGA EFTIR TEGUND AÐSTOÐAR




## SKIPTING FRAMLAGA EFTIR ÁBYRGÐARAÐILA



1. Miðað við bráðabirgðaspá Hagstofu Íslands 8.mars 2011 um VÞT ársins 2010.



**HEILDARFRAMLÖG ÍSLANDS TIL ÞRÓUNARSAMVINNU 2000-2010**  
í milljónum kr. og sem hlutfall af VPT



## Tvíhliða þróunar-samvinna og eyrna-merkt framlög til alþjóðastofnana<sup>2</sup>

Um 72% framlaga heyrja til eyrnamerktra framlaga og tvíhliða þróunarsamvinnu, en í þessum kafla yfirlitsskýrslunnar er rýnt nánar í þau. Stúðst er við aðferðafræði þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), en samkvæmt henni eru almenn framlög til alþjóðastofnana ekki skoðuð á þennan hátt þar sem ekki er hægt að rekja þau til ákveðinna landsvæða eða málaflokka.

## Svæðaskipting<sup>3</sup>

Eflitið er til þeirra landa sem Íslendingar beina stuðningi sínum til má sjá að rúmur helmingur allra framlaga rennur til fátækustu þróunarlandanna (54%).

Þeim flokki tilheyra eftirfarandi lönd sem Ísland leggur sérstaka áherslu á: Malaví, Mósambík, Úganda og Afganistan ásamt Haítí sem Ísland veitti neyðaraðstoð í byrjun árs 2010. Stuðningur við önnur lágtekjulönd nemur 3% en þar telur hæst neyðaraðstoð Íslands við Pakistan í kjölfar flóða sumarið 2010. Um fimmtingur framlaga (20%) fer til landa sem flokkast sem lægri millitekjulönd. Má þar nefna Namibíu, Níkaragva, Palestínu og lönd á Balkanskaganum.

Í 16% framlaga er ekki tilgreint sérstaklega til hvaða ríkja þau skuli renna, en þá er um að ræða framlög sem eyrnamerkt eru ákveðnum málaflokkum. Til þessara framlaga telst til dæmis stuðningur við mannréttinda- og jafnréttissjóði hjá alþjóðastofnunum og samstarf við slíkar stofnanir í orku- og fiskimálum.

## Ályktun Öryggisráðsins um konur, frið og öryggi

Ályktun nr. 1325 var samþykkt samhljóða af Öryggisráðinu hinn 30. október 2000. Ályktunin markaði tímamót í sögu ráðsins þar sem þetta var í fyrsta skipti sem ráðið fjallaði um mikilvægi þátttöku kvenna í að koma á friði og vinna að lausn átaka. Í ályktuninni er þess einnig krafist að réttindi kvenna og stúlkna séu virt og að sérstaklega sé hugað að þörfum kvenna þar sem ófriður ríkir.

Í ályktuninni er áhersla lögð á að konur og jafnrétti kynjanna gegni veigamiklu hlutverki við að stuðla að friði og öryggi á alþjóðavettvangi. Samkvæmt ályktuninni skulu aðildarríkin vinna aðgerðaáætlun um framkvæmd hennar og var Ísland á meðal fyrstu ríkjanna sem mótaði slíka áætlun.

Öryggisráðið hefur samþykkt fjórar ályktanir sem styrkja framkvæmd ályktunar nr. 1325. Með ályktun nr. 1820 er fordæmt að kynbundið ofbeldi sé notað sem vopn í stríðsátökum, ályktun nr. 1888 skerpir á skyldum friðargæslusveita að vernda sérstaklega konur og stúlkur gegn kynbundnu ofbeldi og með ályktun nr. 1889 er áréttað mikilvægi þess að konur komi að friðaruppbyggingu að stríðsátökum loknum. Með nýjustu ályktuninni, nr. 1960 sem samþykkt var í lok ársins 2010, er áréttað að efla beri aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Í ályktuninni er lögð rík áhersla á að draga þá sem gerast sekir um slíka stríðsglæpi fyrir dómstóla og að refsileysi verði ekki liðið.

2. Ósamræmi í hlutfallstölum um rekstrarkostnað og neyðar- og mannúðaraðstoð skýrist af því að í fyrri hluta kaflans eru öll framlög til skoðunar, en í síðari hlutanum aðeins tvíhliða þróunarsamvinnu og eyrnamerkt framlög.

3. Notast er við lista yfir þróunarlönd eftir tekjum sem Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD); DAC (Development Assistance Committee) heldur utan um og segir til um hversu mikil fátækt ríkir í landinu og hversu stór hluti þjóðarinnar lifir undir fátækarmörkum. Flokkarnir eru fjórir; fátækustu löndin (Least Developed Countries), önnur lágtekjulönd (Other Low Income Countries), lægri millitekjulönd (Lower-Middle Income Countries and Territories) og hærra millitekjulönd (Upper-Middle Income Countries and Territories).




Á myndunum hér til hliðar og á heims-kortinu sést glögglega að stærstum hluta íslenskra framlaga er beint til ríkja Afríku sunnan Sahara, 55%. Um 8% fer til Mið-Ameríku og Karibahafsins, 6% til Mið-Austurlanda og 8% til Suður-Asíu.

Fimm stærstu viðtökuríkin eru tvíhliða samstarfslönd Íslendinga. Úganda er þar stærst með 363 milljónir, en Malaví fylgir fast á eftir með 321 milljón. Því næst koma Namibía með 249 milljónir og Mósambík með 244 milljónir, en til jarðhitaverkefnis í Níkaragva fóru rúmar 88 milljónir. Til uppbyggingar í Afganistan fóru tæpar 154 milljónir, til aðstoðar Palestínu 103 milljónir og 58 milljónir til uppbyggingar á Balkanskaga. Til neyðaraðstoðar á Haítí fóru tæpar 100 milljónir og til verkefnis á vegum UNICEF í Gíneu Bissá runnu tæpar 65 milljónir króna.


### Málaflokkar

Yfir helmingur íslenskra framlaga til þróunarsamvinnu, eða 56%, fer í að treysta félagslega innviði á sviði menntunar, heilbrigðismála, vatns- og hreinlætismála og stjórnsýslu, auk friðaruppbyggingar, mannréttinda- og jafnréttismála. Af þeim 11% sem renna til mannréttinda- og jafnréttismála eru um 9% sérskilgreind sem jafnréttisverkefni. Reynt er eftir fremsta megni að gæta þess að samþætting kynjasjónarmiða sé höfð að leiðarljósi við undirbúning og framkvæmd allra verkefna. Til fiskimála runnu samtals 14% framlaga og til orkumála 6%. Þá námu framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar 12% og nam rekstrarkostnaður 7%.


### SKIPTING FRAMLAGA EFTIR TEKJUM VIÐTÖKURÍKIS



### SKIPTING FRAMLAGA EFTIR HEIMSHLUTUM



### SKIPTING FRAMLAGA EFTIR MÁLAFLOKKUM



### 98,8 HAÍTÍ

Íbúafjöldi: 10,2 millj.  
Lífslíkur: 61,7 ár  
Læsi: 61%  
Án aðgangs að vatni: 37%  
Undir fátæktarmörkum: 54,9%  
Læknar p. 10.000 íbúa: –


### 88,4 NÍKARAGVA

Íbúafjöldi: 5,8 millj.  
Lífslíkur: 73,8 ár  
Læsi: 78%  
Án aðgangs að vatni: 15%  
Undir fátæktarmörkum: 15,8%  
Læknar p. 10.000 íbúa: 4





## TÍU STÆRSTU VIÐTAKENDUR ÍSLENSKRA FRAMLAGA 2010 í milljónum kr.



## Jafnrétti kynjanna

Reynslan sýnir að aðstoð sem grundvallast á jöfnum rétti kvenna og karla er árangursrík leið í þróunarsamvinnu. Verkefni sem byggjast á þátttöku og taka tillit til hagsmuna og sjónarmiða beggja kynja eru líklegri til að skila varanlegum árangri. Bætt staða kvenna og jafnrétti kynjanna er því bæði þverlægt og sértækt markmið í þróunarsamvinnu. Samþætting kynjasjónarmiða er höfð að leiðarljósi við stefnumótun, áætlanagerð, verkefnaundirbúning og framkvæmd á vettvangi sem og starfa innan alþjóðastofnana.

## Íslensk félagasamtök

Samstarf við frjáls félagasamtök á Íslandi hefur farið vaxandi á síðustu misserum og fjármunir til þeirra af íslensku þróunarfé námu samtals rúmum 167,5 milljónum króna á árinu 2010 eða 4,8% af heildarframlögum til þróunarsamvinnu. Framlög til verkefna á vegum íslenskra félagasamtaka falla ýmist undir neyðar- og mannúðaraðstoð eða tvíhliða þróunarsamvinnu.

## FJÖLÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Stuðningur við alþjóðastofnanir og verkefni á þeirra vegum er á ábyrgð þróunarsamvinnusviðs utanríkisráðuneytisins. Ýmist er um almenn framlög að ræða eða eyrnamerkt. Um 65% renna til stofnana og sjóða á vegum Sameinuðu þjóðanna, 24% til Alþjóðabankans og um 11% til verkefna á vegum annarra alþjóðastofnana.


### Sameinuðu þjóðirnar

Stuðningur og samstarf við stofnanir Sameinuðu þjóðanna er veigamesti þáttur fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum íslenskra stjórnvalda, en 65% framlaga til alþjóðastofnana rennur til starfsemi SP. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á samstarf við stofnanir sem endurspeglar markmið Íslands og eru þjárf þeirra lykilstofnanir í þróunarstarfi Íslands: Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, Stofnun SP um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women (áður UNIFEM) og Háskóli Sameinuðu þjóðanna, UNU.

### UNICEF

Hlutverk UNICEF er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna í þróunarlöndum á grundvelli Barnasáttmála SP. Stofnunin sinnir einnig mikilvægu starfi við neyðar- og mannúðaraðstoð. Stuðningur við UNICEF felst í almennum og eyrnamerknum framlögum. Sem liður í áherslu stjórnvalda á Mið austurlönd hefur starfsemi UNICEF í Palestínu verið styrkt. Íslenskir sérfræðingar hafa einnig starfað við skemmri verkefni á vegum Íslensku friðargæslunnar hjá UNICEF á svæðinu. Stjórnvöld hafa í samstarfi við Landsnefnd UNICEF á Íslandi stutt við heilsugæsluverkefni í Vestur Afríkúríkinu Gíneu-Bissá. Á árinu 2010 átti Ísland sæti í stjórn UNICEF.

### SKIPTING FRAMLAGA TIL ALÞJÓÐASTOFNANA



### UN Women (áður UNIFEM)

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað í júlí 2010 að koma á fót nýrri stofnun um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women. Voru þá fjórar stofnanir sem störfuðu að jafnréttismálum innan SP sameinaðar í eina. UN Women tók til starfa 1. janúar 2011. Tilgangurinn með sameiningunni er að efla og styrkja jafnréttismál innan SP, aðstoða aðildarríkin við að vinna að framgangi jafnréttismála og skerpa ábyrgð vegna skuldbindinga og ákvarðana sem teknar hafa verið á vettvangi samtakanna.

Markviss barátta fyrir jafnrétti kynjanna er meginmarkmið stofnunarinnar. Hún er háð með því að efla efnahagsleg réttindi og öryggi kvenna, draga úr ofbeldi gegn konum, hefta útbreiðslu HIV/alnæmis og huga að kynjajafnrétti í lýðræðisþróun. Framlag Íslendinga er bæði almennt og eyrnamerkt styrktarsjóð sem berst gegn kynbundnu ofbeldi. Auk þess hafa framlög runnið til verkefna í Afganistan, Palestínu og á Balkanskaga. Íslenskir sérfræðingar

hafa verið kostaðir til starfa hjá UNIFEM undanfárin ár á Balkanskaga, í Líberíu, á Barbados og í höfuðstöðvum sjóðsins. Einnig er gott samstarf milli utanríkisráðuneytisins og Landsnefndar UN Women á Íslandi og var formlegur samstarfs-samningur við Landsnefndina framlengdur til þriggja ára á árinu 2010.

### Aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna

Íslendingar styðja að auki starfsemi annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem allar eiga það sameiginlegt að gegna lykilllutverki í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðaraðstoð.

**Þróunaráætlun SP, UNDP** er stærsta stofnun SP á sviði þróunarmála, en hún gegnir sérstöku samræmingarhlutverki á vettvangi.

**Palestínuflóttamannaáðstoðin, UNRWA** sinnir málefnum flóttamanna frá Palestínu og veitir tæplega fimm milljónum Palestínumanna í Mið austurlöndum menntun, heilbrigðisþjónustu og félagslega aðstoð.

**Mannfjöldasjóður SP, UNFPA** starfar á sviði mannfjöldapróunar og kyn- og fjösemisheilbrigðis og -réttinda. Hluti íslenskra framlaga hefur runnið í sérstakan sjóð á vegum stofnunarinnar sem aðstoðar konur sem þjást af fistli til að ná heilsu með einfaldri skurðaðgerð (sjá umfjöllun á bls 9). Sjóðurinn hefur líka beitt sér í málefnum kvenna í Afganistan og hefur sú starfsemi hlotið stuðning íslenskra stjórnvalda.



### Flóttamannaaðstoð SP, UNHCR

vinnur að málefnum flóttamanna um allan heim. Stofnunin sinnir yfir 10 milljónum flóttamanna og er fjármögguð með frjálsum framlögum aðildarríkja SP. Framlagi íslenskra stjórnvalda hefur verið varið til almennra verkefna og til stuðnings við flóttamenn í Jórdaníu og Afganistan.

**Matvælaaðstoð SP, WFP** er öflugasta stofnun SP á sviði mannúðaraðstoðar og á árinu 2011 er talið að um 90 milljónir nauðstaddir á hamfarasvæðum í 70 löndum njóti aðstoðar hennar. Þegar neyðarástand skapast kallar stofnunin eftir framlögum sem stjórnvöld bregðast við. Framlög íslenskra stjórnvalda á ári hverju ráðast af slíkum beiðnum, en á árinu 2010 var framlögum beint til Pakistan og Fílabeinsstrandarinnar.

**Matvæla- og landbúnaðarstofnun SP, FAO** er helsta stofnun SP á sviði landbúnaðar, fiskimála og skógræktar. Verkefni hennar á sviði þróunarsamvinnu miða að því að auka fæðuöryggi, en íslensk stjórnvöld hafa stutt við verkefni á sviði fiskimála.

## Alþjóðabankinn

Samstarf við Alþjóðabankann byggist á framlagi til Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) og stuðningi við einstaka sjóði og verkefni bankans. Alþjóðaframfarastofnunin veitir styrki og lán með hagkvæmum kjörum til fátækustu ríkja heims og hefur Ísland verið aðili að stofnuninni frá upphafi hennar árið 1960. Þau verkefni sem stjórnvöld leggja áherslu á eru á sviði jarðhita, fiskimála og jafnréttismála, auk þess sem stutt er við norrænt samstarf í mannréttindamálum innan bankans.

## Jafnréttismál innan Alþjóðabankans

Aðgerðaáætlun Alþjóðabankans um jafnréttismál var hleypt af stokkunum í september 2006. Tilgangur áætlunarinnar er að auka efnahagslegan styrk kvenna og þar með almennan hagvöxt í þróunarríkjum og styðja þannig við framgang þúsaldarmarkmiðanna. Ísland hefur styrkt verkefnið, bæði með fjárfrahlögum og faglegri ráðgjöf. Nýlega var gerð úttekt á jafnréttismálum í Alþjóðabankanum og þótti aðgerðaáætlunin hafa hleypt nýju blóði í jafnréttisstarf innan bankans.

## ESMAP

Ísland tekur þátt í ESMAP, sérstöku orkuverkefni á vegum Alþjóðabankans sem meðal annars snýst um jarðhitanýtingu. Tilgangur verkefnisins er að veita tæknilega ráðgjöf á sviði orkumála og stuðla þannig að efnahags- og félagslegum framförum með aukinni orkuframleiðslu sem byggist á hagkvæmni og öruggri orkuöflun. Við ESMAP starfar íslenskur jarðhitasérfræðingur, kostaður af Íslandi, að greiningu og undirbúningi verkefna í þróunarríkjum sem Alþjóðabankinn getur stutt. Það styrkir undirbúning þessara verkefna að víða, þar sem jarðhita er að finna, eru starfandi sérfræðingar sem hafa hlotið menntun við Jarðhitaskóla HSP á Íslandi.

## PROFISH

Ísland er eitt þeirra ríkja sem höfðu frumkvæði að stofnun PROFISH-verkefnisins árið 2005. Með verkefninu er ætlunin að styrkja sjálfbæra fiskveiðistjórnun, stuðla að hagsæld, byggja upp fiskistofna og auka afrakstur þeirra. Auk fjárfrahlags kostaði Ísland útsendan starfsmann til verkefnisins á árunum 2009–2010 sem styrkti enn frekar samstarfið við bankann.

## Fistill


Fistill er op sem myndast í fæðingu á milli legganga og þvagrásar eða endaparms þegar stúlkur hafa ekki líkamlega burði til að fæða barn. Oftast er um að ræða stúlkur sem tilheyra fátækustu samfélagshópum og algengt er að börnin deyí fæðingu. Óþefur stafar af örkuðlinu og fylgir því oftast félagsleg útskúfun. Talið er að um 2 milljónir kvenna í þróunarríkjum þjáist af fistli. Fistill er oftast læknanlegur með einfaldri skurðaðgerð. Íslensk stjórnvöld hafa stutt átaksverkefni UNFPA gegn fistli síðan árið 2005.

# ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN ÍSLANDS

Á árunum 2009-2010 starfaði Þróunarsamvinnustofnun Íslands í sex löndum á sviði fiski-, mennta-, orku-, heilbrigðis-, vatns- og hreinlætismála. Í verkefnum er lögð áhersla á áætlanir samstarfslandanna um að útrýma fátækt og bæta lífsskilyrði, en stuðningur Íslands felst ýmist í því að treysta innviði eða grunnvirki samfélagsins með áherslu á mannauð, menntun, getu og færni.

## Úganda


Úganda liggur við miðbaug, í miðri Austur-Afríku. Landið var í 143. sæti af 169 löndum á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2010, en tæp 20% af fjárlögum ríkisins eru þróunarfé og styrkir.



Þróunarsamvinna íslenskra og úgandískra stjórnvalda hófst árið 2000. Stærsta verkefni ÞSSÍ í Úganda er stuðningur við byggða-þróunarverkefni í Kalangala-héraði, á eyjum í Viktoríuvatni, en búsetuskilyrði í héraðinu eru með þeim erfiðustu í landinu. Meginmarkmiðið með verkefninu er að styðja héraðsstjórnina við framkvæmd þróunaráætlunar sinnar á sviði fiskimála, menntamála og heilbrigðismála, en jafnframt að bæta stjórnýsluna og stuðla að betri þjónustu við íbúana. Um árabíl hefur ÞSSÍ tekið þátt í samstarfi um fullorðinsfræðslu í héruðunum Múkónó og Kalangala. Af öðrum verkefnum á sviði menntunar má nefna frumkvöðlafræðslu sem býr fólk undir atvinnurekstur. Ennfremur er stutt við fiskiverkefni sem lýtur að gæðamálum, en meginmarkmiðið með verkefninu er að auka verðmæti fiskafurða til inn- og útflutnings og auka þar með tekjur íbúanna.

## Malaví


Malaví er á stærð við Ísland og liggur í suðausturluta Afríku. Landið er eitt fátækasta ríki heims og var í 153. sæti á lífskjaralista SP 2010 af 169 ríkjum. Talið er að um 33% af fjárlögum malavíska ríkisins séu þróunarfé og styrkir.



Samstarf Malaví og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hófst árið 1989, en stuðningur er einkum beint til Mangochi-héraðs í suðurhluta landsins, sem er meðal fátækustu héraða landsins. Í lok árs 2009 lauk fiskiverkefni ÞSSÍ við Malavívatn og á árinu 2010 var samstarfið fyrst og fremst á sviði heilbrigðis-, mennta-, vatns- og hreinlætismála. Heilbrigðisverkefnið er umfangsmest, en ÞSSÍ hefur veitt viddtæka aðstoð til heilsugæslu á svæðinu við Monkey Bay. Einnig er unnið með yfirvöldum héraðsins í mennta- og fræðslumálum. Þá hefur verið ráðist í umfangsmikið vatns- og hreinlætisverkefni til að hefta útbreiðslu sjúkdóma sem óhreint drykkjarvatn veldur, en þeir eru algengir í héraðinu.

## Namibía

Namibía er í suðvesturluta Afríku og er eitt strjálbýlasta land álfunnar. Árið 2010 var Namibía í 105. sæti á lífskjaralista SP og telst í flokki lægri - millitekjulanda. Þrátt fyrir það er mis-skipting auðs óviðá meiri en í Namibíu. Um það bil 8% af fjárlögum namibíska ríkisins eru þróunarfé og styrkir.




Íslendingar hófu þróunarsamvinnu við Namibíu sama ár og landið fékk sjálfstæði frá Suður-Afríku árið 1990. Í upphafi var samvinnan fyrst og fremst á sviði fiskimála en með tímanum færðist áherslan yfir á félagsleg verkefni og árin 2009-2010 voru stærstu verkefni til stuðnings tveimur jadarhópum í Namibíu, Himbum og heyrnarlausum. Verkefnið með Himbum, hirðingjum í norðvesturluta landsins, fólust í gerð fjölmargra vatnsbóla, auk verkefnis um beitarstýringu. Þá hefur ÞSSÍ stutt leikskóla og fullorðinsfræðslu. Stuðningur við samfélag heyrnarlausra snerist um að bæta menntun þeirra með áherslu á ták-mál. Þróunarsamvinnu Íslands við Namibíu lauk í árslok 2010.



## Mósambík


Mósambík liggur að Indlandshafi í Suðaustur-Afríku. Árið 2010 var landið í 165. sæti á lífskjaralista SP og því á meðal fimm fátækustu ríkja í heimi. Mósbambík er mjög háð þróunarframlögum, en um helmingur fjárlaga ríkisins er þróunarfé og styrkir.



Íslensk stjórnvöld undirrituðu samstarfssamning við Mósbambík árið 1996. Samstarfið hefur aðallega verið á sviði fiski-, mennta- og félagsmála. ÞSSÍ styður samstarfsverkefni á vegum sjávarútvegsráðuneytisins í samvinnu við Norðmenn. Þar er megin áhersla lögð á að tryggja fæðuöryggi með því að auka framboð á fiski á innanlandsmarkaði. Stofnunin styður einnig fullorðinsfræðslu í Inhambane, einu fátækasta héraði landsins. Á árunum 1999 til 2009 starfaði ÞSSÍ með Kvanna- og félagsmálaráðuneytinu í jafnréttis- og félagsmálum og Rauða krossi Íslands sem í samvinnu við mósbambíska Rauða krossinn studdi byggingu og rekstur heilsugeslu á tveimur svæðum í Mapútó-héraði á tímabilinu 1999 til 2010.

## Níkaragva

Níkaragva er í Mið-Ameríku og er meðal fátækustu ríkja í þeim heimshluta, en telst til ríkja með millitekjur. Landið var í 115. sæti á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna árið 2010.



Skrifað var undir samstarfssamning milli Níkaragva og Íslands árið 2006. Níkaragva býr yfir miklum jarðhita. Með verkefni ÞSSÍ er stuðlað að aukinni nýtingu jarðhita í landinu með því að styrkja getu stjórnvalda til að auka hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkubúskap landsins. Sendiráði Íslands var lokað á árinu 2009 en jarðhitaverkefnið heldur áfram undir stjórn stadarráðsins verkefnisstjóra allt til loka árs 2012 þegar samningstímanum lýkur.

## Srí Lanka

Samstarf Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Srí Lanka hófst árið 2005 og lauk á árinu 2009. Þróunarsamvinna þjóðanna var á sviði fiskimála og var sérstök áhersla lögð á endurreisn í kjölfar flóðbylgjunnar árið 2004.

## Sagan af Agnesi

Agnes Jana er fimm barna móðir í Malaví sem hefur lokið fullorðinsfræðslu sem nýtur stuðnings ÞSSÍ.

„Ég fór aldrei í barnaskóla og ólst því upp án menntunar og var ólæs og óskrifandi þegar ég fullorðnaðist. Þegar ég varð fulltíða fann ég fljótt hvað ólæsið var hamlandi. Ég einangraðist. Ég fann að fólk meinaði mér um leiðandi hlutverk í hinum ýmsu verkefnum sem tengdust trúarbrögðum eða eflingu kvenna. Þetta olli mér sárri reiði. Ég vildi virkilega kunna að lesa og skrifa svo ég gæti verið í hópi leiðandi kvenna sem alltaf voru kjörnar í hinar og þessar áhrifastöður í samfélagi mínu. Að auki átti ég í vandræðum með að þróa viðskipti mín sem snúast um sölu á bókudum, heimagerðum kleinum vegna þess að ég átti erfitt með að reikna út hagnað og tap.“

„Ég hef áorkað svo miklu eftir að ég lærði að lesa, skrifa og reikna að ég gæti talið upp í allan dag. Þess vegna nefni ég aðeins mikilvægasta árangurinn. Hann er sá að nú ganga viðskipti mín mjög vel og ég gegni fleiri mikilvægum stöðum í samfélagi mínu heldur en flestir karlmanna. Hvað viðskiptunum viðvíkur þá get ég núna auðveldlega reiknað út stöðu rekstursins. Ég veit hvenær ég hagnast og hvenær ekki og ég veit einnig hvað það er sem ég þarf að gera til að bæta viðskipti mín eins og sölu á tómtum, klæðaskurð, hnetubakstur og framleiðslu ávaxtasafa.“

Agnes gegnir nú margvíslegum stöðum í samfélaginu. Hún á fjórar dætur og einn son, tvær stúlkanna hafa nýlokið menntaskólanámi og tvær þær yngri eru langt komnar með grunnskólanám, en sonurinn nemur hjúkrun. „Ég sendi börnin mín í skóla vegna þess að ég átti erfitt líf þegar ég var ólæs og óskrifandi og ég vil ekki að börnin mín þurfi að upplifa það sama. Ég vil að börnin mín öðlist gott líf og menntun er lykillinn að því. Menntun opnar allar dyr í lífinu.“

# STÖRF Í ÞÁGU FRIÐAR

*Íslensk stjórnvöld hafa sent fólk til ýmiss konar friðargæslustarfa allt frá sjötta áratug síðustu aldar. Framlag til friðaruppbyggingar og friðargæslu var vaxandi þáttur í alþjóðastarfi utanríkisráðuneytisins á tíunda áratugnum, sem leiddi til stofnunar Íslensku friðargæslunnar sem sérstakrar skrifstofu innan ráðuneytisins 2001.*


Friðargæslan starfar í samræmi við lög nr. 73/2007, þar sem m. a. er kveðið á um að utanríkisráðuneytinu sé heimilt að taka þátt í alþjóðlegri friðargæslu og senda borgaralega sérfræðinga til starfa við friðargæsluverkefni. Verkefniin lúta meðal annars að því að tryggja stöðugleika á átakasvæðum, styðja stjórn mála- og efnahagslíf í þeim tilgangi að koma á varanlegum friði og treysta innviði samfélags að loknum átökum, ásamt fyrirbyggjandi verkefnum sem miða að því að hindra að ófriður brjótist út. Jafnframt er áhersla lögð á jafnréttismál og uppbyggingu borgaralegra stofnana.

Jafnréttismál eru veigamikill þáttur í starfsemi friðargæslunnar. Einnig er lögð áhersla á að jafna kynjaskiptingu í hópi sérfræðinga sem fara til starfa á vettvangi. Hlutfall kvenna af starfandi sérfræðingum á vettvangi hefur farið vaxandi og var 45% árið 2010.

## Afganistan

Ísland hefur tekið þátt í störfum alþjóðaliðsins (International Security Assistance Force, ISAF) í Afganistan frá 2003, ásamt öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins og fjölda annarra ríkja. Alþjóðaliðið starfar á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1510, sem veitir því umboð til að aðstoða afgönsk yfirvöld við að tryggja öryggi í landinu, þannig að uppbyggingar- og mannúðarstarf geti farið fram. Á árinu 2010 störfuðu íslenskir sérfræðingar í þróunardeild aðalstöðva ISAF í Kabúl, m. a. að samhæfingu endurreisnarstarfa og jafnréttismálum. Einnig starfa þeir að rekstrarmálum í bækistöð alþjóðaliðsins á Kabúlflugvelli og taka þátt í pólitískri stefnumótun á skrifstofu fulltrúa aðalfrankvæmdastjóra NATO.

HLUTFALL KARLA OG KVENNA Í STÖRFUM FRIÐARGÆSLUNNAR 2002-2010



## Afríka

Íslenskir friðargæsluliðar hafa á síðustu misserum verið sendir til starfa á átaka-svæðum í Afríku, svo sem til Darfúr í Súdan og Líberíu. Íslenskir lögreglumenn störfuðu á árunum 2009 og 2010 við löggæsluverkefni Friðargæslu Sameinuðu þjóðanna (DPKO) í Líberíu, en verkefnið snýr að uppbyggingu og stuðningi við staðarlögreglu. Sérfræðingar hafa einnig starfað hjá UNIFEM (nú UN Women) í Líberíu og UNICEF í Súdan.

## Balkanskagi

Ófriðurinn á Balkanskaga á tíunda áratug síðustu aldar varð til þess að skriður komst á þátttöku Íslendinga í friðargæslu. Þar starfaði fyrst hjúkrunarfólk og síðan lögregluþjónar innan vébanda lögreglusveitar Evrópusambandsins í Bosníu og Hersegóvínu. Á Balkanskaga hefur

friðargæslan átt áralangt og gott samstarf við UNIFEM (nú UN Women), en á árinu 2010 störfuðu jafnréttisfræðingar á vegum stofnunarinnar í Sarajevó og Belgrad.

## Mið-Austurlönd


Íslenskir sérfræðingar hafa um nokkurt skeið starfað í Mið-Austurlöndum innan vébanda ýmissa alþjóðastofnana. Aðallega hefur starfsemi lotið að stuðningi við Palestínumenn á hernumdu svæðunum og palestínska flóttamenn. Sérfræðingar hafa starfað að mannúðarstöð og félagslegri aðstoð, stjórnun, stefnumótun og upplýsingagjöf. Helstu samstarfsaðilar hafa verið Palestínuflóttamannaástoð SP (UNRWA), Barnahjálp SP (UNICEF), Flóttamannastofnun SP (UNHCR) og samræmingarskrifstofa SP í mannúðarmálum (OCHA).



## Samstarf við Evrópusambandið

Samstarf Íslands við Evrópusambandið byggist á rammisamningi milli Íslands og ESB frá 2005 um þátttöku Íslands í hættustjórnunaraðgerðum á vegum ESB. Íslenskir starfsmenn tóku þátt í verkefnum ESB í Makedóníu og í Bosníu og Hersegóvínu fram til ársins 2009.


SKIPTING FRAMLAGA EFTIR HEIMSHLUTUM



## Kosningaefirlit

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförunum árum lagt til starfskrafta fjölda Íslendinga, til lengri og skemmri tíma til kosningaefirlits alþjóðastofnana, einkanna á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Eftirlitinu er ætlað að stuðla að fjálsfum og lýðræðislegum kosningum í aðildarríkjum ÖSE. Árið 2010 tóku Íslendingar þátt í eftirliti með forsetakosningum og þingkosningum í Aserbaídsjan, Bosníu og Hersegóvínu, Georgíu, Hvíta-Rússlandi, Kirgistan, Moldóvu og Úkraínu, samtals átta konur og átta karlar. Auk þess tóku fjórir starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví þátt í kosningaefirliti þar í landi árið 2010.

SKIPTING ÍSLENSKRA SÉRFRÆÐINGA EFTIR STOFNUMUM 2010



## Íslenska Alþjóða-björgunarsveitin á Haítí

Umfangsmesta björgunaraðgerð, sem íslensk stjórnvöld hafa staðið fyrir erlendis, fór fram 13. til 21. janúar 2010, þegar Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin (ICE-SAR) var send til björgunarstarfa á jarðskjálftasvæðunum á Haítí. Björgunarsveitin er sérhæfð í hjálparstarfi við slíkar aðstæður. Hún er viðbragðssveit sem hlotið hefur vottun alþjóðlegra regnhlífar-samtaka björgunarsveita, INSARAG sem starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna. Alþjóðasveitin, sem telur 34 liðsmenn, er á viðbragðslista Íslensku friðargæslunnar. Hinn 23. maí 2008 var skrifað undir samstarfs-samning utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um starfsemi sveitarinnar, en samkvæmt honum starfar sveitin erlendis í umboði íslenskra stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið styður einnig þátttöku fulltrúa sveitarinnar í hinu alþjóðlega UNDAC-björgunarteymi Sameinuðu þjóðanna og samhæfingarstarfi INSARAG.



# SKÓLAR HÁSKÓLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÍSLANDI

*Háskóli Sameinuðu þjóðanna var settur á stofn árið 1973 til að styrkja alþjóðlegt samstarf á milli SD, háskóla og annarra sem stunda vísindarannsóknir, með sérstakri áherslu á þróunarríkin. Markmið skólans er m.a. að tengja vísindamenn víðs vegar að úr heiminum og að efla rannsóknir á málum, sem eru ofarlega á baugi hjá SD, annars vegar umhverfismálum og sjálfbærri þróun og hins vegar friði og góðum stjórnarháttum.*

Sextán skólar mynda net HSP, þar af eru þrír hér á landi. Starfsemi skólanna á Íslandi er mikilvægur þáttur í þróunarsamvinnu Íslands og er rekstur þeirra kostaður af framlögum utanríkisráðuneytisins til þróunarmála. Kjarni starfsins er sex mánaða námsdvöl sérfræðinga á Íslandi og hafa samtals komið rúmlega 660 einstaklingar til slíkrar dvalar frá upphafi.

## Jarðhitaskólinn

Jarðhitaskólinn hefur starfað á Íslandi frá 1978. Orkustofnun hýsir skólann og ber á honum rekstrarlega ábyrgð. Alls luku 28 einstaklingar frá 15 þróunarlöndum sex mánaða sérfræðiþjálfun við skólann á árinu

2010 og hafa þá samtals 452 einstaklingar stundað nám við skólann. Þá voru 13 nemendur í meistaranámi og tveir í doktorsnámi við Háskóla Íslands á árinu með stuðningi skólans. Jarðhitaskólinn heldur reglulega námskeið í þróunarlöndum sem um 450 manns frá 30 þróunarlöndum hafa sótt frá því námskeiðahald hófst árið 2005. Áhugi á nýtingu jarðhita fer sífellt vaxandi og berast skólanum óskir um þjálfun og kennslu bæði frá þróunarlöndum og iðnríkjum sem vilja efla notkun endurnýjanlegra orkulinda. Á árinu 2010 tók Jarðhitaskólinn á móti fleiri nemendum en nokkru sinni fyrr sem endurspeglar stigvaxandi áhuga þróunarríkja á nýtingu jarðhita.

## Sjávarútvegsskólinn

Markmið Sjávarútvegsskólans er að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarríkjum. Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á rekstri skólans, en starfsemin byggist m.a. á samstarfi við Matís, Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, auk fjölda fyrirtækja og annarra stofnana. Á árinu 2010 luku 17 einstaklingar námi við skólann og höfðu þá samtals 223 manns frá 43 löndum lokið sex mánaða námsdvöl á Íslandi og útskrifast úr skólanum, þar af 82 konur. Sjö nemar hafa lokið meistaranámi með styrk frá skólanum og einn doktorsprófi, en níu nemar stunda nú framhaldsnám á Íslandi. Á árinu 2010 voru haldin fjögur námskeið á vegum skólans í Víetnam, Úganda, Belís og Barbados.



ÚTSKRIFTARNEMENDUR JARÐHITASKÓLANS ÁRIÐ 2010 ÁSAMT UTANRÍKISRÁÐHERRA, SENDIHERRA KÍNA Á ÍSLANDI OG AÐSTANDENDUM SKÓLANS.





## Jafnréttisskólinn

Jafnréttisskólinn er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins. Verkefnið er byggt á sömu hugmyndafræði og skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Markmiðið er að veita sérfræðingum frá þróunarríkjum sem starfa að jafnréttismálum þjálfun á sínu sérsviði og gera þeim betur kleift að stuðla að bættri stöðu kynjanna í heimalöndum sínum.

Lögð er áhersla á að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna í anda þriðja þúsaldarmarkmiðsins. Einnig er lögð áhersla á jafnréttissjónarmið við uppbyggingu á ófriðarsvæðum í samræmi við ályktun Öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Loks er sjónum beint að samþættingu kynsjónarmiða í umhverfismálum og við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, s.s. í fiskimálum, orku- og landgræðslumálum.

Tveir nemendur frá Afganistan luku sjö vikna þjálfun í janúar 2010. Annar hópur var við nám haustið 2010, þrír nemendur frá Afganistan og þrír frá Palestínu. Jafnréttisskólinn er fyrst sinn starfsræktur sem tilraunaverkefni og verður árangur hans metinn að reynslutímanum loknum.




## Landgræðsluskólinn

Landgræðsluskólinn varð formlega hluti af neti Háskóla SP í febrúar 2010 þegar skrifað var undir samstarfssamning þar að lútandi. Skólinn er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins.

Markmið skólans er að þjálfa sérfræðinga frá þróunarlöndum, sem glíma við jarðvegseyðingu, eyðimerkurmyndun og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga, í landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Frá því Landgræðsluskólinn hóf störf, sem tilraunaverkefni árið 2007, hafa 23 einstaklingar frá átta löndum útskrifast frá skólanum. Í október 2010 luku fyrstu sex einstaklingarnir námi við skólann eftir að hann varð formlega hluti af Háskóla SP.



FJÖLDI NEMENDA Í SKÓLUM SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Á ÍSLANDI 1998-2010



# NEYÐAR- OG MANNÚÐARAÐSTOÐ

Á síðustu árum hafa framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar verið veigamikill þáttur í alþjóðastarfi Íslands, en þau renna ýmist til verkefna alþjóðastofnana eða frjálsra félagasamtaka. Á árinu 2010 námu framlög til þessara verkefna samtals 395 m.kr. Þar af runnu rúmar 123 m.kr. til verkefna á vegum íslenskra félagasamtaka.

## Framlög til alþjóðastofnana

Íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til neyðar- og mannúðaraðstoðar á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna, svo sem til Matvælaáætlunar SP (WFP), Neyðarsjóðs SP (CERF) og samræmingarskrifstofu SP í mannúðarmálum (OCHA). Einnig hafa framlög verið veitt í neyðarsjóð ISAF fyrir Afganistan. Samkvæmt viðbragðs-samningum lagði Íslenska friðargæslan til sérfræðinga í neyðaraðstoðarverkefni á vegum WFP, UNHCR, OCHA og UNICEF í Jemen, Pakistan, Sírlandi, Srí Lanka, Palestínu og Súdan á árunum 2009 og 2010.

## Samstarf við frjáls félagasamtök á Íslandi

Samstarf stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka á Íslandi hefur farið vaxandi á síðustu misserum. Frá árinu 2008 hefur verið fylgt sérsökum verklagsreglum um stuðning við félagasamtök og er styrkjum úthlutað tvisvar á ári að loknu umsóknar- og matsferli. Á árinu 2010 voru verklagsreglurnar endurskoðaðar af ráðuneytinu og ÞSSÍ í samráði við samstarfshóp félagasamtaka. Meginmarkmið endurskoðunarinnar var að samhæfa reglur vegna neyðar- og mannúðaraðstoðar annars vegar og þróunarsamvinnuverkefna hins vegar. Frá og með árinu 2011 gilda því samhæfðar reglur utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ um allt samstarf stjórnvalda við félagasamtök á sviði þróunarmála.

Á árinu 2010 var undirrituð ný samstarfsyfirlýsing utanríkisráðuneytisins og Rauða kross Íslands og samstarfssamningar ráðuneytisins við Félag Sameinuðu þjóðanna og Landsnefnd UNIFEM (nú UN Women) voru endurnýjaðir.

## HEILDARFRAMLÖG\* TIL VERKEFNA Á VEGUM ÍSLENSKRA FÉLAGASAMTAKA

í milljónum kr.

	2009	2010
<b>Rauði kross Íslands</b> .....	<b>44,0</b>	<b>58,0</b>
Afganistan .....	5,0	6,0
Gaza .....	16,0	8,0
Malaví .....	5,0	
Mósambík .....	5,0	10,0
Síerra Leóne .....	8,0	
Srí Lanka .....	5,0	
Haítí .....		15,0
Pakistan .....		4,0
Austur-Kongó .....		5,0
Mansalsverkefni (skv. samstarfssamningi) .....		10,0
<b>Hjálparstarf kirkjunnar</b> .....	<b>59,0</b>	<b>58,9</b>
Gaza .....	7,0	
Úganda .....	8,0	
Haítí .....		13,0
Pakistan .....		11,5
Malaví (þróunarsamvinnuverkefni með ÞSSÍ) ..	8,9	-
Eþíópía (þróunarsamvinnuverkefni með ÞSSÍ) ..	35,1	34,4
<b>SOS-Barnaþorpinn</b> .....	<b>9,8</b>	<b>24,5</b>
Srí Lanka .....	9,8	
Haítí .....		2,0
Austur-Kongó .....		10,0
Úganda .....		12,5
<b>Barnaheill</b> .....	<b>7,0</b>	<b>23,5</b>
Úganda .....	7,0	
Malaví .....		10,5
Haítí .....		11,0
Pakistan .....		2,0
<b>ABC barnahjálpar, Pakistan</b> .....		<b>2,6</b>
<b>SPES, Tógó</b> .....	<b>14,7</b>	
<b>Samband íslenskra kristniboðsfélaga, Kenýa</b> ..	<b>6,5</b>	
<b>Landsnefnd UNICEF, Austur-Kongó</b> .....	<b>8,0</b>	
<b>Makeba - endurhæfingastöð fyrir stúlkur í S-Afríku</b> .....	<b>6,1</b>	
<b>SAMTALS</b> .....	<b>155,1</b>	<b>167,5</b>

\* Í töflunni er yfirlit yfir öll framlög til frjálsra félagasamtaka á árunum 2009 og 2010. Þar af námu framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar 111 millj. kr. á árinu 2009 og 123 millj. kr. á árinu 2010..

# OPINBER ÞRÓUNARAÐSTOÐ ÍSLANDS ÁRIN 2006–2010

	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Tvíhliða þróunarsamvinna</b>	<b>1.627,4</b>	<b>1.726,2</b>	<b>2.541,7</b>	<b>2.081,3</b>	<b>1.796,2</b>
<b>Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSI)</b>	<b>1.026,7</b>	<b>1.116,0</b>	<b>1.959,6</b>	<b>1.746,4</b>	<b>1.418,7</b>
Malaví	260,3	294,8	451,7	396,4	321,2
Mósambík	176,0	230,9	314,8	203,2	233,6
Namibía	141,0	102,6	232,1	290,1	249,2
Úganda	159,1	160,9	282,1	373,8	340,0
Srí Lanka	78,7	78,7	191,5	92,2	
Níkaragva	71,3	72,0	196,2	188,6	88,4
Annað	140,3	176,1	291,2	202,1	185,6
<b>Enduruppbygging á ófriðarsvæðum</b>	<b>600,7</b>	<b>610,2</b>	<b>582,1</b>	<b>334,9</b>	<b>378,2</b>
Íslenska friðargæslan*	590,5	600,6	567,9	316,7	351,3
Almennur kostnaður				34,5	40,5
Undirbúningsnámskeið				1,8	2,1
Kosningaefirlit ÖSE				3,4	7,8
Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin				0,9	61,8
Srí Lanka				2,1	
Libería				26,0	42,8
Mið-Austurlönd				51,0	58,5
Balkanskagi				45,5	27,9
Afganistan				117,9	117,0
Skammtíma verkefni WFP				12,9	
Skammtíma verkefni UNICEF				20,7	
Alþjóðleg friðargæsla (7%)	10,2	9,6	14,2	18,2	19,8
<b>Þróunarsamvinna í samstarfi við fjölþjóðlegar stofnanir</b>	<b>1.034,8</b>	<b>774,5</b>	<b>957,1</b>	<b>1.334,9</b>	<b>1.068,1</b>
<b>Sameinuðu þjóðirnar</b>	<b>632,8</b>	<b>377,8</b>	<b>481,5</b>	<b>646,3</b>	<b>576,4</b>
Sameinuðu þjóðirnar almennt framlag (12%)			6,7	12,1	13,1
FAO	3,3	7,2	8,1	35,5	21,0
Íslenskur styrktarsjóður	23,5	23,0			
Lán á sérfræðingi	5,0				
Málþing haldið á Ísl.		1,5			
UNDP - Almennt framlag	25,0	23,3	37,9	30,0	24,5
Nordic Business Outreach		3,2	4,1	13,2	
JPO verkefni	35,3	31,4	11,5	15,7	22,7
Integrated Framework Trust Fund		2,0	8,1	12,8	13,1
UNICEF - Almennt framlag	25,0	46,2	40,0	24,2	44,1
Neyðaraðstoð	26,0	16,9	7,4		
Verkefni gegn barnahermennsku	5,0	6,9			
Verkefni í Gíneu Bissá			30,0	121,9	64,8
Verkefni í Palestínu				12,1	11,5
Menntaverkefni í Sierra Leone	30,0				
JPO verkefni		17,1	47,2		
UNIFEM - Almennt framlag	7,5	7,9	25,3	24,2	25,6
Réttindi kvenna í suðaustur-Evrópu	15,7	13,8	22,5		30,2
Styrktarsjóður gegn kynbundnu ofbeldi	7,5	6,9	12,3	24,2	10,4
Afganistan	5,6	13,8	12,3	24,2	12,8
Palestína			6,7	12,1	12,4
JPO verkefni			14,1	53,1	33,6
Landsnefnd	3,0	5,0	5,0	5,0	4,5

\* Tölur um Íslensku friðargæsluna sundurliðaðar frá og með 2009.



	2006	2007	2008	2009	2010
UN Women .....					5,5
UNRWA - Almennt framlag.....	7,0	15,5	32,7	48,4	65,6
Fulltrúi.....					13,4
UNESCO (25% - frá 2009 44%) .....	1,9	1,8	2,3	7,3	7,9
UNEP - „Assessment of Assessment“ .....		6,1			
OCHA - Almennt framlag.....	3,8	3,2	3,2	8,6	28,8
Palestína .....			6,2	12,1	5,7
Neyðarsjóður (CERF).....	28,1	38,0	37,5	24,2	12,1
UNFPA - Almennt framlag.....	7,5	12,9	16,3	24,2	13,0
Baráttan gegn fistli.....		6,2		24,3	12,3
Verkefni í Afganistan .....				10,5	
UNHCR - Almennt framlag .....	7,5	25,0		12,1	12,1
Jórdanía.....			7,8		
Afganistan .....				9,7	11,5
WFP - Neyðaraðstoð .....	34,4	12,4	42,8	25,6	26,3
Börn styðja börn .....	220,0				
tölvuleikur .....		1,5			
UNVFVT .....	2,0	2,0	2,0	2,4	
UNITAR - Mennta- og rannsóknarstofnun SP.....		2,9	4,1		
WHO (70%) .....	5,7	4,4	5,9	10,6	11,5
Mænuóttarverkefni.....	3,8	5,9	8,1		
Neyðaraðstoð.....	9,0				
Átak gegn útbreiðslu fuglaflensu .....	4,2	4,4	8,1		
Þróunarsjóðir á sviði hafréttar- og landgrunns.....	7,0	6,2			
IAEA - Tækni sjóður .....	2,3	2,0	4,0	3,7	3,9
ILO (15%).....	1,2	1,3	1,3	2,3	2,8
Peacebuilding Fund .....	70,0				
<b>Alþjóðabankinn .....</b>	<b>337,5</b>	<b>278,9</b>	<b>335,4</b>	<b>460,8</b>	<b>421,4</b>
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).....	205,4	205,4	205,4	235,0	234,1
Íslenskur ráðgjafasjóður hjá IFC.....	11,2			25,2	
Samstarf í fiskimálum PROFISH.....	23,5	20,8	30,9	69,6	61,7
Samstarf í orkumálum ESMAP .....	21,6	13,8	33,9	50,2	52,5
Samstarf í jafnréttismálum GAP .....			14,9	35,0	52,0
Súdan Trust Fund - styrktarsjóður .....	10,0	10,0	8,1	24,5	
Viðskiptaumhverfi - Doing Business .....	30,0	12,2	18,5		
Skuldaniðurfelling þróunarríkja hjá IDA (MDRI) .....	9,8	13,0	13,2	15,5	15,5
Mannréttindasjóður .....	3,6		4,9	5,8	5,7
Átak gegn útbreiðslu fuglaflensu .....	4,9	3,7	5,6		
Norræn/baltesk samræming.....	17,5				
<b>Önnur marghliða þróunarsamvinna .....</b>	<b>64,5</b>	<b>117,8</b>	<b>140,2</b>	<b>237,8</b>	<b>70,2</b>
Norræni þróunarsjóðurinn (NDF).....	30,5		35,0	134,3	18,6
Niðurfelling skulda þróunarríkja (HIPC) .....	5,0	35,0	18,4		
Styrktarsjóður fyrir smáeyþróunarríki - IGI .....	8,1	27,0	26,1	27,5	17,4
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) .....		10,2			
Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO).....	3,5	3,0	3,0		
Alþjóðasjóður gegn alnæmi, berklum og malaríu.....	14,0	12,5	24,4		
Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD).....		6,2	18,5	1,2	1,2
Alþjóða Rauði krossinn (ICRC).....	3,4	3,9	14,8	10,0	10,5
Skuldastýring í þróunarríkjum .....		20,0		64,8	22,5

í milljónum króna



	2006	2007	2008	2009	2010
<b>Annað</b>	<b>302,4</b>	<b>546,9</b>	<b>792,1</b>	<b>833,4</b>	<b>641,7</b>
Jarðhitaskóli Háskóla SÐ .....	114,0	149,4	206,3	220,4	194,2
Sjávarútvegsskóli Háskóla SÐ .....	87,2	119,3	154,5	174,0	152,4
Landgræðsluskóli Háskóla SÐ.....		27,0	49,0	46,0	47,6
Jafnréttisskóli .....			8,5	20,2	29,6
Háskóli Íslands - Alþjóðamálastofnun .....					1,0
Flóttamannaaðstoð á Íslandi.....		57,0	57,5	130,3	
Viðskiptaþróunarsjóður.....		18,2	13,8		
Visindastyrktarsjóður.....		10,9	4,0		
Neyðar- og mannúðaraðstoð á vegum félagasamtaka.....	45,9	81,2	131,7	111,1	123,1
ABC barnahjálpi.....	4,0	12,0	18,0		2,6
Barnaheill.....	3,1	7,1	15,0	7,0	23,5
Rauði kross Íslands .....	21,8	32,8	54,5	44,0	48,0
Hjálparstarf kirkjunnar .....	17,0	24,8	20,0	15,0	24,5
Samband íslenskra kristniboðsfélaga .....			5,0	6,5	
SOS - Barnaþorp .....			13,0	9,8	24,5
Alnæmisbörn.....		1,0			
SPES - Togo .....				14,7	
Landsnefnd UNICEF - Austur Kongó .....				8,0	
Makeba - endurhæfingarstöð fyrir stúlkur í S-Afríku.....		3,5	6,2	6,1	
Próunarverkefni í Palestínu .....		9,6	25,0	12,1	21,0
Próunarverkefni í Afganistan .....				10,0	
Neyðaraðstoð í Afganistan - Neyðarsjóður ISAF .....					7,8
Mannréttindaverkefni í þróunarlöndum.....					13,1
Félag SÐ á Íslandi.....					3,6
Ýmis framlög og neyðaraðstoð.....	13,3	26,9	24,1	15,9	
Utanríkisráðuneyti og sendiskrifstofur .....	42,0	47,4	117,7	93,4	48,3
<b>SAMTALS</b>	<b>2.964,6</b>	<b>3.047,6</b>	<b>4.290,9</b>	<b>4.259,6</b>	<b>3.505,9</b>
Hlutfall af vergum þjóðartekjum	0,27%	0,25%	0,37%	0,35%	0,28%
Vergar þjóðartekjur**.....	1.100.397	1.236.756	1.163.727	1.221.144	1.265.178

í milljónum króna

\*\* VbT 2010 samkvæmt bráðabirgðaspá Hagstofunnar 8. mars 2011.

# SAMSTARFSRÁÐ UM ALÞJÓÐLEGA ÞRÓUNARSAMVINNU OG ÞRÓUNARSAMVINNUNEFND

*Samkvæmt þróunarsamvinnulögum nr. 121/2008 skal starfa samstarfsráð um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku.*

Ráðið sitja 17 manns, þar af formaður skipaður af utanríkisráðherra, fimm aðilar frá íslenskum hjálparsamtökum, tveir frá háskólasamfélaginu og tveir frá aðilum vinnumarkaðarins. Hin sjö sætin skipa fulltrúar kosnir af Alþingi og mynda þróunarsamvinnunefnd. Hlutverk hennar, samkvæmt lögnum, er að tryggja aðkomu fulltrúa þingflokka að stefnumarkandi umræðu og ákvörðunum ráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu til lengri tíma.

**Formaður samstarfsráðsins:** Valgerður Sverrisdóttir

**Þróunarsamvinnunefnd:** Ásgerður Jóna Flosadóttir (F)  
Drífa Hjartardóttir (D)  
Guðrún Ögmundsdóttir (S)  
Haukur Már Haraldsson (S)  
Hjálmar Jónsson (D)  
Katrín Ásgrímsdóttir (B)  
Sigfús Ólafsson (V)

*Varafultrúar:*

Anna Þóra Baldursdóttir  
Árni Gunnarsson  
Guðrún Erlingsdóttir  
Helga Sigrún Harðardóttir  
Margrét Sigurgeirsdóttir  
Maríanna Traustadóttir  
Pétur Bjarnason

**Fulltrúar atvinnulífsins:** Guðrún Eyjólfsdóttir  
Þorbjörn Guðmundsson

*Varafultrúi:*

Pétur Reimarsson

**Fulltrúar íslenskra hjálparsamtaka:** Jónas Þ. Þórisson  
Ragnar Gunnarsson  
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir  
Ulla Magnússon  
Þórir Guðmundsson

*Varafultrúar:*

Guðrún Margrét Pálsdóttir  
Petrína Ásgeirsdóttir  
Stefán Stefánsson  
Anna M. Þ. Ólafsdóttir  
Nína Helgadóttir

**Fulltrúar háskólastigsins:** Geir Gunnlaugsson  
Páll Jensson

*Varafultrúar:*

Hafðís Hanna Ægisdóttir  
Jónína Einarsdóttir

# SKAMMSTAFANIR

CERF	Central Emergency Response Fund
DAC	Development Assistance Committee
DPKO	Department of Peacekeeping Operations
EHÍ	Endurmenntun Háskóla Íslands
ESB	Evrópusambandið
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Program
FAO	Food and Agriculture Organisation
GAP	Gender Action Plan
HA	Háskólinn á Akureyri
HDI	Human Development Index
HDR	Human Development Report
HÍ	Háskóli Íslands
HIPC	Heavily Indebted Poor Countries
HR	Háskólinn í Reykjavík
HSP	Háskólar Sameinuðu þjóðanna
IAEA	International Atomic Energy Agency
ICRC	International Committee of the Red Cross
IDA	International Development Association
IFAD	International Fund for Agricultural Development
IGI	Island Growth Initiative
ILO	International Labour Organization
IMF	International Monetary Fund
INSARAG	International Search and Rescue Advisory Group
ISAF	International Security Assistance Force
NATO	North Atlantic Treaty Organisation
NDF	Nordic Development Fund
OCHA	Office for the Coordination of Humanitarian Affairs
OECD	Organisation for Economic Co-operation and Development
PROFISH	Global Program on Fisheries
RKÍ	Rauði kross Íslands
SP	Sameinuðu þjóðirnar
UN	United Nations
UN Women	United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women
UNDAC	United Nations Disaster Assessment and Coordination
UNDP	United Nations Development Programme
UNEP	United Nations Environment Programme
UNESCO	United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization
UNFPA	United Nations Populations Fund
UNHCR	United Nations High Commissioner for Refugees
UNIC	United Nations Information Centre
UNICEF	United Nations Children's Fund
UNIFEM	United Nations Development Fund for Women
UNITAR	United Nations Institute for Training and Research
UNRWA	United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East
UNU	United Nations University
UNVFVT	United Nations Voluntary Fund for Victims of Torture
WFP	World Food Programme
WTO	World Trade Organization
ÞSSÍ	Þróunarsamvinnustofnun Íslands
ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

## Málþing og námskeið um þróunarsamvinnu og málefni þróunarlanda 2009-2010

**Námskeið um þróunarsamvinnu, mannúðar- og friðarstarf á vettvangi erlendis:** Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, ÞSSÍ og RKÍ haldið í EHÍ, apríl-maí 2009.

**Málþing um áhrif efnahagskreppunnar á ríki Afríku:** Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, ÞSSÍ, HÍ og Nordisk Afrika Institut, 8. maí 2009.

**Alþjóðleg ráðstefna um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi:** Utanríkisráðuneytið stóð fyrir ráðstefnunni í samvinnu við Háskóla Íslands, 19.-20. júní 2009.

**Morgunverðarfundur um heilbrigðismál í Monkey Bay, Malaví:** Samstarfsverkefni ÞSSÍ og HR, 3. nóvember 2009.

**Kynning á þróunarskýrslu UNDP:** Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Alþjóðamálastofnunar HÍ og UNDP. Reykjavík, 8. nóvember 2010.

**Námskeið um þróunarsamvinnu, mannúðar- og friðarstarf á vettvangi erlendis:** Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, ÞSSÍ og RKÍ haldið í EHÍ, nóvember 2010.

**Málþing um samstarf utanríkisráðuneytisins við UNIFEM í áratug:** Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, Jafnréttisstofu, landsnefndar UNIFEM og HA. Akureyri, 19. nóvember 2010.



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

